



Kjartansmót Borðtennisdeildar KR 12. nóvember 2017

Borðtennisdeild KR heldur hið árlega Kjartansmót sunnudaginn 12. nóvember 2017 í Íþróttahúsi Hagaskóla. Mótið er haldið til heiðurs Kjartani Briem, fyrrverandi formanni Borðtennisdeildar KR. Keppt verður í liðakeppni unglinga í tveggja manna liðum í hverjum flokki leikmanna fæddra 2000 og síðar. Að þessu sinni verður ekki keppt í liðakeppni fullorðinna.

Tímaáætlun

- kl. 10:00 Liðakeppni hnokka f. 2007 og síðar
- kl. 10:00 Liðakeppni pílta f. 2005-2006
- kl. 10:00 Liðakeppni sveina f. 2003-2004
- kl. 13:00 Liðakeppni drengja f. 2000-2002
- kl. 12:00 Liðakeppni táta f. 2007 og síðar
- kl. 12:00 Liðakeppni telpna f. 2005-2006
- kl. 12:00 Liðakeppni meyja f. 2003-2004
- kl. 12:00 Liðakeppni stúlkna f. 2000-2002

Fyrirkomulag keppni

Spilaformið er tveir einliðaleikir og tvíliðaleikur og til að vinna heilan liðsleik þarf að vinna tvo staka leiki. Leikið verður í riðlum, og síðan með einföldum útslætti upp úr riðlunum ef þátttaka er næg. Ef skipt verður í fleiri en einn riðil í sama flokki verður raðað í riðla eftir stigum á styrkleikalista BTÍ.

Hvert lið samanstendur af tveimur leikmönnum, en leyfilegt er að tefla fram þriggja manna liðum. Mótanefnd mælist til þess að liðunum verði gefin nöfn, t.d. Garpar, Kempur.

Hver unglingur má aðeins leika í einum aldursflokki.

Mótsstjórn áskilur sér rétt til að sameina flokka ef færri en 4 lið eru skráð í flokkinn en samt sem áður verða veitt verðlaun fyrir hvern flokk fyrir sig.

Verðlaun

Veittir verða verðlaunapeningar fyrir 4 efstu sætin í hverjum flokki. Sigurliðin fá glaðning auk verðlaunapenings.

Þáttökugjöld

Þáttökugjald er 2.000 kr. á lið. Hægt er að greiða þáttökugjald á keppnisstað eða inn á bankareikning Borðtennisdeildar KR og **skal tekið fram fyrir hvaða leikmann er verið að greiða** á netfangið bordtennisdeildKR@gmail.com. Bankareikningur: 0137-26-008312, kennitala 661191-1129.

Skráning

Skráning fer fram á vef Tournament Software (www.tournamentsoftware.com) til kl. 20 miðvikudaginn 8. nóvember 2017. Setja skal kennitölu sem „Member ID“ og skrá þarf liðsfélaga. Á vef BTÍ (www.bordtennis.is) eru leiðbeiningar um stofnun reiknings og skráningu á Tournament Software. Þeir, sem hafa áður stofnað reikning til að skrá sig á mót geta notað hann aftur. Ef ekki gengur að skrá sig á vef Tournament Software má senda skráningu til mótstjórnar fyrir kl. 20 miðvikudaginn 8. nóvember 2017.

Kennitölur skulu fylgja öllum skráningum í samræmi við keppnisreglur BTÍ! Þó má sleppa að skrá kennitölu liðsfélaga í liðakeppninni.

Bein slóð á skráninguna:

<http://www.tournamentsoftware.com/sport/tournament.aspx?id=A15CA6A5-85BE-431B-9E6E-A4BF40B595A7>

Dregið verður í Kjartansmótið í Íþróttahúsi Hagaskóla fimmtudagskvöldið 9. nóvember kl.

20:00. Drátturinn verður birtur á vefnum á slóðinni www.tournamentsoftware.com.

Leikið verður á Stiga expert borðum með Stiga hvítum 3ja stjörnu plastkúlum.

Mælst er til þess að leikmenn leiki í búningum síns félags.

Mótstjórn:

Ásta M. Urbancic, gsm. 895 96 93, astaurb@gmail.com

Kristján Viðar Haraldsson, gsm. 820 0007, kristjan.haraldsson@gmail.com

Magnús Stefánsson, gsm. 865 3884, magnus.stefansson@gmail.com

Yfirdómari: Hannes Guðrúnarson.

Fyrir hönd Borðtennisdeildar KR

Ásta M. Urbancic